

96
15. sept. **Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um stöðu þjóðkirkjuprestsins í Hólma prestakalli í Reyðarfirði gagnvart utanþjóðkirkjumönnum þar, m. m.** — Með þóknanlegu brjefi, dags. 28. júlí þ. á., hafið þjer, herra amtmaður, og þjer, háæruverðugi herra, sent hingað erindi frá prestinum að Hólum í Reyðarfirði, sjera Daníel Halldórssyni, þarsem hann spyrst fyrir um ýms atriði viðvíkjandi stöðu sinni gagnvart utanþjóðkirkjusöfnuðinum í Reyðarfirði og presti hans, sem staðfestur hefur verið af konungi, svo og viðvíkjandi rjetti Hólmakirkju gagnvart sama söfnuði.

Fyrirspurnir þessar lúta að því :

1. Hver afskipti hann (sóknarpresturinn) eigi að hafa af fræðslu ungdómsins í utanþjóðkirkjusöfnuðinum í bóklestri, kristindómi, skrift og reikningi ; hvort hann eigi að húsvitja hjá utanþjóðkirkjumönnum, taka fólkstal, hafa eptirlit með siðferði og annast um bólusetning.
2. Hvort hann eigi að rita nokkuð í gjörðabókina eða ministerialbókina viðvíkjandi þessum mönnum og telja þá með í sálmregistri sínu, og hvort hinar árlegu lögboðnu skýrslur hans eigi einnig að taka yfir þá.
3. Hvort utanþjóðkirkjupresturinn eigi að gefa þjóðkirkjuprestinum nokkrar skýrslur og þá hverjar.
4. Hvort Hólmakirkja missi tekjur þær, er nefndar eru í 16. gr. laga 19. febrúar 1886 (lausafjárftund og ljóstolla) bótalaust.
5. Hvort utanþjóðkirkjumönnum beri eigi framvegis að greiða jarðartíund bæði til sóknarprests og sóknarkirkju svo og kirkjugjald af húsum, þegar svo stendur á sem lög 19. sept. 1879 um það efni ákveða í 1. gr. Enn fremur, hvenær gjaldfrelsi utanþjóðkirkjumanna byrji í Hólma prestakalli.

Þjer hafið, jafnframt því að láta uppi álit yðar um hvernig svara beri spurningum þessum, borið þær undir úrlausn mína, og skal jeg því nú, með hliðsjón af athugasemdum yðar um málið, tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar og ráðstöfunar það, er nú skal greina.

1.—3. spurning. Það virðist bæði hagfelldast í sjálfu sjer og samkvæmt anda laganna um utanþjóðkirkjumenn, 19. febr. f. á., að utanþjóðkirkjusöfnuðurinn í Hólma prestakalli, sem hefur fengið konunglega staðfestingu á presti sínum, og sem í trúarefnum er eigi í neinu frábrugðinn söfnuðum þjóðkirkjunnar, sje sem mest að unnt er leystur undan hverskonar embættislegum afskiptum hlutaðeigandi sóknarprests þjóðkirkjunnar, og með því að 14. gr. nefndra laga veitir „yfiröldunum“, sem í þessu sambandi verður að þýða sama sem embættismenn landsins hvort heldur kirkjulegir eða verzlegir, rjett til að heimta nauðsynlegar skýrslur og upplýsingar af utanþjóðkirkjuprestinum viðvíkjandi söfnuði hans, þá álit jeg rjett, að spurningum þeim, sem hjer um ræðir, verði í heild sinni svarað neitandi. Hlutaðeigandi prófasti ber því að krefjast þess af utanþjóðkirkjuprestinum í Hólma prestakalli samkvæmt nefndri lagagrein að hann taki að sjer eptirlitskyldu, að því er snertir söfnuð hans, þá er spurning er um hjer, og færi bækur þær viðvíkjandi söfnuði sínum, er þjóðkirkjuprestar eru skyldir að færa, allt undir umsjón prófastsins, og ber prestinum einnig að senda prófasti hinar árlegu lögboðnu skýrslur sem prestar þjóðkirkjunnar eru skyldir að semja að undantekinni verðlagsskýrslunni, sem þjóðkirkjupresturinn einn á að gefa. Um bólusetningu í tjeðum söfnuði býst jeg við að hlutaðeigandi hjeraðslæknir annist.

4. spurningu ber að svara með jákvæði.

5. spurningu sömuleiðis. Gjaldfrelsi utanþjóðkirkjusafnaðarins í Hólma prestakalli, 96
það er ræðir um í 16. gr. ofanefndra laga, telst frá þeim tíma, er prestur hans hefur 15. sept.
svarið eið þann, er ræðir um í 14. gr. laganna, og ber utanþjóðkirkjumönnum því að
svara sóknarprestinum tiltölulegum hluta til þess tíma af ársgjöldum þeirra til hans
það fardagaár.

Að endingu skal þess getið, að utanþjóðkirkjupresturinn í Reyðarfirði, sjera
Lárus Halldórsson hefur samkvæmt ósk sinni, til þess að geta uppfyllt skyldur þær um
bókfærslu, sem að ofan er getið, fengið greiddan úr landssjóði kostnað við útvegum 4
bóka sem hann ætlar fyrir ministerialbók, sálnaregistur, aðalsamanburðaregistur og
brjefabók.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um skiptingu hrepps.—Eptir að hafa með þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, 6. þ. m. og samkvæmt 97
brjefi mínu 28. júní þ. á. meðtekið ný álitsskjöl frá hreppsnefndinni í Kleifahreppi og 22. sept.
sýslunefndinni í Vesturskaptafellssýslu, viðvíkjandi sundurskiptingu tjeðs hrepps, svo og
skýrslu um búandafjölda og um aukaútsvars og tíundarupphæðir í hverjum hinna fyrir-
huguðu 3 hluta Kleifahrepps síðustu 5 árin, skal jeg hjer með þjónustusamlega tjá
yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar að jeg eptir skýrslum þessum
og öðrum kringumstæðum eigi get álitid nauðsynlegt eða haganlegt að Kleifahreppi
verði skipt í 3 hluta eins og farið hefur verið fram á. Aptur á móti væri jeg eigi
mótfallinn því að fallast á varauppástungu sýslunefndarinnar í Vesturskaptafellssýslu um
að Kleifahreppi verði skipt í tvennt þannig að Geirlandsá verði látin ráða skiptingunni,
og skal jeg því jafnframt skora á yður að gefa hreppsnefndinni í nefndum hreppi tæki-
færi til að láta í ljósi, hvort hún vill heldur að hreppnum verði skipt á þennan hátt,
en að ekki verði af skiptingu á honum í þetta sinn.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um framfærslurjett þurfamanns.— Þjer hafið, herra amtmaður, með úrskurði, dags. 10. febr. 98
þ. á., er hreppsnefndin í Dyrhólahreppi hefur áfrýjað til mín, kveðið svo á út af ágrein- 23. sept.
ingi milli nefnds hrepps og Stokkseyrarhrepps um sveitfesti Sigurðar nokkurs Sig-
mundssonar í Grímsfjósom, að þurfamaður þessi eigi framfærslurjett á fæðingarhreppi
hans, Dyrhólahreppi, og að hreppur þessi skuli skyldur til að endurgjalda Stokkseyrar-
hreppi 142 kr. 61 e. er Sigurður var búinn að þiggja þar úr sveitarsjóði 20. nóv. f. á.,
svo og allt það, er hann enn fremur kynni að hafa þegið eða verða að þiggja úr sama
sjóði.

Þurfamaður sá sem hjer ræðir um, og sem einsog áður er á vikið, er fæddur í
Dyrhólahreppi, fluttist í fardögum 1874 25 ára gamall inn í Stokkseyrarhrepp og hefur
dvalið þar síðan, en þjer hafið þó eigi álitid, að hann hafi áunnið sjer þar framfærslu-
rjett sökum þess, að hann 8. febr. 1884 hafi þegið þar sjer til bjargar úr sveitarsjóði
8 pund af tólg eins og enn fremur nægileg sönnun sje framkomin fyrir því, að hann
hafi haustið 1882 fengið 20 kr. styrk af fátækra sjóði Dyrhólahrepps.

Jeg fæ þó eigi sjeð, að sú sönnun sje framkomin fyrir styrkveitingum þessum,
að þær geti stadið fyrir því, að Sigurður hafi með dvöl sinni í Stokkseyrarhreppi unnið
þar rjett til sveitarframfæris, því að þó að Sigurður, að því er kemur til 20 króna styrks-
ins úr Dyrhólahreppi, hafi sjálfur játað að sá styrkur hafi verið veittur honum úr sveit-
arsjóði, þá hefur aptur á móti hreppsnefndarmaður sá, er ljét hann fá 20 krónurnar,